

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1893/2006

2015/EES/46/23

frá 20. desember 2006

um stofnun atvinnugreinaflokksins Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90⁽³⁾ var atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins komið á fót (hér á eftir nefnd „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE), 1. endurskoðun“ eða „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE), endurskoðun 1.1“).
- 2) Til þess að endurspegla tækniþróun og skipulagsbreytingar í hagkerfinu, skal koma á uppfærðri flokkun sem nefnist atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endurskoðun (hér á eftir nefnd „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“).
- 3) Uppfærð flokkun, s.s. atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., er mikilvæg fyrir yfirstandandi aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar við að nútímavæða hagskýrslugerð Bandalagsins og búist er við að hún eflí stjórnumarhætti í efnahagsmálum, bæði innan Bandalagsins og hvers aðildarríkis með sambærilegum og viðeigandi gögnum.
- 4) Til þess að innri markaðurinn starfi rétt, krefst hann hagskýrslustaðla sem gilda um söfnun, afhendingu og útgáfu innlendra hagskýrslna og hagskýrslna Bandalagsins þannig að fyrirtæki, fjármálastofnanir og ríkisstjórnir og allir aðrir aðilar á innri markaðnum hafi aðgang að áreiðanlegum og samanburðarhæfum hagskýrslugögnum.

Í þessu skyni er mikilvægt að mismunandi flokkar við flokkun á starfsemi í Bandalaginu séu túlkaðir eins í öllum aðildarríkjunum.

- 5) Áreiðanlegar og samanburðarhæfar hagskýrslur eru nauðsynlegar til að auðvelda fyrirtækjum að meta samkeppnishæfi sitt og eru gagnlegar fyrir stofnanir Bandalagsins til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni.
- 6) Með upptöku sameiginlegrar atvinnugreinaflokks eru aðildarríkin ekki skuldbundin til þess að safna, gefa út eða afhenda gögn. Einungis er unnt að veita samþætta upplýsingar af þeim áreiðanleika, hraða, sveigjanleika og nákvæmni, sem er nauðsynlegt fyrir stjórn innri markaðarins, ef aðildarríkin nota atvinnugreinaflokkun sem er í beinum tengslum við flokkun Bandalagsins.
- 7) Setja skal ákvæði svo að aðildarríkin geti samþætt viðbótarflokka sem byggjast á atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna við eigin flokkun og uppfyllt þannig innlendar kröfur.
- 8) Til þess að meta alþjóðlegan sambærileika efnahagslegra hagskýrslna verða aðildarríkin og stofnanir Bandalagsins að nota flokkanir á atvinnustarfsemi sem eru í beinum tengslum við atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC), 4. endursk., sem var samþykkt af hagtolunefnd Sameinuðu þjóðanna.
- 9) Notkun á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins krefst þess að framkvæmdastjórnin njóti aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE⁽⁴⁾, einkum að því er varðar: könnun á vanda sem kemur upp við framkvæmd atvinnugreinaflokksins Evrópusambandsins, 2. endursk., er tryggir algerlega samræmdar breytingar frá atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 1. endursk., yfir í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., og undirbúning fyrirhugaðra breytinga á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 61/2007 frá 8. júní 2007 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 48, 11.10.2007, s. 18.

(1) Stjtið. ESB C 79, 1.4.2006, bls. 31.

(2) Álit Evrópuþingsins frá 12. október 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 19. desember 2006.

(3) Stjtið. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

(4) Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

- 10) Með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 ⁽⁵⁾ var settur sameiginlegur rammi fyrir fyrirtækjaskrár með samræmi í skilgreiningum, könnunaratriðum, gildissviði og aðferðum við uppfærslu.
- 11) Með upptöku, endurskoðaðrar atvinnugreinaflokkunar er nauðsynlegt að breyta sérstaklega ýmsum tilvísunum í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 1. endursk., ásamt því að breyta fjölda viðkomandi gerninga. Því er nauðsynlegt að breyta eftirfarandi gerningum: reglugerð (EBE) nr. 3037/90, reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 frá 19. desember 1991 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu ⁽⁶⁾, reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ⁽⁷⁾, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 frá 19. maí 1998 varðandi hagskýrslur til skamms tíma ⁽⁸⁾, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/98 frá 25. maí 1998 um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum ⁽⁹⁾, reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 frá 9. mars 1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar ⁽¹⁰⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang ⁽¹¹⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2003 frá 27. febrúar 2003 um vísitölu launakostnaðar ⁽¹²⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 48/2004 frá 5. desember 2003 um árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnaðinn fyrir viðmiðunarárin 2003–2009 ⁽¹³⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 frá 21. apríl 2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið ⁽¹⁴⁾, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1552/2005 frá 7. september 2005 um hagskýrslur um starfsmenntun í fyrirtækjum ⁽¹⁵⁾.
- 12) Breyta þarf nokkrum Bandalagsgerningum í samræmi við sérstaka málsmeðferð sem á við um þá áður en skipt er yfir í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., nánar tiltekið: reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu ⁽¹⁶⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 frá 5. desember 2003 um hagrækinga landbúnaðarinn í Bandalaginu ⁽¹⁷⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 frá 12. janúar 2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu ⁽¹⁸⁾.
- 13) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁹⁾.
- 14) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt vald til að breyta eða bæta við atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., til að taka tillit til tækniframfara eða hagþróunar eða til samræmingar við aðra efnahagslega og félagslega flokkun. Þar eð þessar ráðstafanir eru almennar ráðstafanir og miða að því að breyta atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð eða að því að bæta við þessa reglugerð viðbótaratriðum, sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með athugun sem mælt er fyrir um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 15) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðum reglugerðar þessarar, þ.e. að koma á sameiginlegum hagskýrslustöðlum, sem gera kleift að afla samhæfðra gagna, hvert í sínu lagi og markmiðin nást þar af leiðandi betur á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, sbr. 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki fram en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.
- 16) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með reglugerð þessari er komið á fót sameiginlegri atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, hér á eftir nefnd „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“. Þessi flokkun tryggir að flokkun Bandalagsins sé í samræmi

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 196, 5.8.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 374, 31.12.1991, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 162, 5.6.1998, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1503/2006 (Stjtið. ESB L 281, 12.10.2006, bls. 15).

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 163, 6.6.1998, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 63, 12.3.1999, bls. 6. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 783/2005 (Stjtið. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 38).

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 69, 13.3.2003, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 1.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 49.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 1.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1267/2003 (Stjtið. ESB L 180, 18.7.2003, bls. 1).

⁽¹⁷⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2004, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 909/2006 (Stjtið. ESB L 168, 21.6.2006, bls. 14).

⁽¹⁸⁾ Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 23. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 602/2006 (Stjtið. ESB L 106, 19.4.2006, bls. 10).

⁽¹⁹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtið. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

við hagrænan veruleika og auki samanburðarhæfi innlendra flokkana, flokkana Bandalagsins og alþjóðlegra flokkana og þar af leiðandi hagskýrslna aðildarríkjanna, hagskýrslna Bandalagsins og alþjóðlegra hagskýrslna.

2. Reglugerð þessi skal einungis gilda um notkun flokkunar vegna hagskýrslugerðar.

2. gr:

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

1. Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., skal fela í sér:

- a) fyrsta þrep, auðkennt með bókstafskóða (bálfar),
- b) annað þrep, auðkennt með tveimur tölustöfum (deildir),
- c) þriðja þrep, auðkennt með þremur tölustöfum (flokkar) og
- d) fjórða þrep, auðkennt með fjórum tölustöfum (undirgreinar).

2. Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., er sett fram í I. viðauka.

3. gr:

Notkun á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

Framkvæmdastjórninni ber að nota atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., fyrir allar hagskýrslur sem flokkaðar eru samkvæmt atvinnustarfsemi.

4. gr:

Innlendar flokkarnir á atvinnustarfsemi

1. Hagskýrslur aðildarríkja, sem miðast við atvinnustarfsemi, skulu unnar á grundvelli atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk., eða innlendar flokkunar sem byggist á henni.

2. Í innlendu flokkuninni er heimilt að bæta við liðum og þrepum og nota aðra kóða. Hvert þrep, að undanskildu því hæsta, skal annaðhvort vera sami liður og vera í samsvarandi þrepi og í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., eða í liðum sem eru nákvæm sundurliðun þess.

3. Aðildarríkin skulu framsenda drögin með skilgreiningum eða breytingum á innlendum flokkunum þeirra til framkvæmdastjórnarinnar til samþykkis fyrir birtingu þeirra. Framkvæmdastjórnin skal kanna samræmi þessara draga við 2. mgr. innan tveggja mánaða. Framkvæmdastjórnin skal senda samþykktu, innlenda flokkun til aðildarríkjanna til fróðleiks. Í innlendum flokkunum aðildarríkjanna skal vera samsvörunartafla innlendu flokkunarinnar og atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk.

4. Þegar ósamræmi er milli tiltekinna liða í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., og skipulags efnahagslífs aðildarríkis, getur framkvæmdastjórnin veitt því leyfi til þess að sameina liði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk., í sérstökum geira.

Til þess að afla slíks leyfis verður viðkomandi aðildarríki að láta framkvæmdastjórninni í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að fjalla um beiðnina. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal slíkt leyfi þó ekki veita viðkomandi aðildarríki rétt til að skipta sameinuðu liðunum á annan hátt en gert er í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

5. Framkvæmdastjórnin skal í samvinnu við hlutaðeigandi aðildarríki, endurskoða reglulega leyfi sem veitt eru samkvæmt 4. mgr. til að sannreyna hvort þau eru réttmæt.

5. gr:

Starfsemi framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, tryggja miðlun, viðhald og kynningu á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., einkum með því að:

- a) móta, uppfæra og birta skýringar fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.,
- b) semja og birta leiðbeiningar fyrir flokkun hagskýrslueininga í samræmi við atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.,
- c) birta samanburðartöflur milli atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, endursk. 1.1 og 2. endursk., og atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk. og endursk. 1.1, og
- d) vinna að því að bæta samræmi við aðra félagslega- og efnahagslega flokkun.

6. gr:

Framkvæmdarráðstafanir

1. Samþykktja skal eftirfarandi ráðstafanir til framkvæmdar atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr.:

- a) ákvarðanir sem krafist er ef vandi kemur upp við framkvæmd atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk., þ.m.t. skipting atvinnustarfsemi í tilteknar undirgreinar, og
- b) tæknilegar ráðstafanir sem tryggja alsamræmd umskipti frá atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, endursk. 1.1, til atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk., einkum að því er varðar atriði í tengslum við

brot í tímaröðum, þ.m.t. tvöfaldar skýrslugjafir og bakspá um tímaraðir.

2. Þær ráðstafanir er tengjast atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., sem gerðar eru í því skyni að breyta þáttum í þessari reglugerð sem ekki eru grundvallaratriði, þ.m.t. viðbætur við hana, skulu samþykktar í samræmi við stjórnáskilmeðferð með athugun, sem um getur í 3. mgr. 7. gr., í eftirfarandi tilgangi:

- a) að taka mið af tækni- og hagþróun eða
- b) að samræma hana við aðra efnahagslega- og félagslega flokkun.

3. Taka skal tilliti til þeirrar meginreglu að ávinningur af uppfærslu atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins, 2. endursk., vegi þyngra en kostnaðurinn við hana og þeirrar meginreglu að viðbótarkostnaður og fyrirhöfn verði áfram innan hæfilegra marka.

7. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndar sem komið var á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 1. til 4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

8. gr.

Framkvæmd atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins, 2. endursk.

1. Hagskýrslueiningar, sem um getur í fyrirtækjaskrá, sem komið var á samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2186/93, skal flokka samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

2. Aðildarríkin skulu gera hagskýrslur um atvinnustarfsemi sem á sér stað frá 1. janúar 2008 og áfram með því að nota atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., eða með innlendra flokkun sem byggir á henni skv. 4. gr.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu skammtímahagskýrslur, sem byggist á reglugerð (EB) nr. 1165/98, og vísitala launakostnaðar, sem byggist á reglugerð (EB) nr. 450/2003, gerðar með því að nota atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., frá 1. janúar 2009.

4. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um gerð eftirfarandi hagskýrslna:

- a) Þjóðhagsreikninga samkvæmt reglugerð (EB) 2223/96,
- b) hagreikninga landbúnaðarins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 138/2004 og
- c) hagskýrslna um greiðsluþöfn, þjónustuviðskipti við útlönd og beina erlenda fjárfestingu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 184/2005.

II. ÞÁTTUR

BREYTINGAR Á TENGDUM GERÐUM

9. gr.

Breytingar á reglugerð (EBE) nr. 3037/90

Ákvæði 3., 10. og 12. gr. í reglugerð (EBE) nr. 3037/90 falli brott.

10. gr.

Breytingar á reglugerð (EBE) nr. 3924/91

Reglugerð (EBE) nr. 3924/91 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað „atvinnugreinaflokun Evrópusambandsins, endursk. 1“ komi „atvinnugreinaflokun Evrópusambandsins, 2. endursk.“ í öllum textanum.
- 2) Í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Sviðið, sem könnunin sem um getur í 1. gr. nær yfir, skal vera svið starfsemi í bálkum B og C í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.).“

11. gr.

Breytingar á reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97

Reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað „atvinnugreinaflokun Evrópusambandsins, 1. endursk.“ komi „atvinnugreinaflokun Evrópusambandsins, 2. endursk.“ í öllum textanum og viðaukum, þó ekki í 10. þætti I. viðauka, „Skýrslur og forkannanir“, í 5. þætti III. viðauka, „Fyrsta viðmiðunarár“ og í 9. þætti III. viðauka „Skýrslur og forkannanir“ þar sem tilvísuninni í „atvinnugreinaflokun Evrópusambandsins, 1. endursk.“ er haldið.
- 2) Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þessi reglugerð tekur til allrar markaðsstarfsemi sem er tilgreind í bálkum B til N og P til S í hinni tölfræðilegu atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.).“
- 3) Breyta skal viðaukunum í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*12. gr.***Breyting á reglugerð (EB) nr. 1165/98**

Reglugerð (EB) nr. 1165/98 er hér með breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þessi reglugerð gildir um alla markaðsstarfsemi sem er tilgreind í bálkum B til N og P til S í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.).“

2) Eftirfarandi liðir bætist við í 17. gr.:

„k) fyrsta grunnárið sem sótt er um að verði í tímaröð í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.,

l) fyrir tímaráðir fram til ársins 2009, sem senda á í samræmi við atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., sundurliðunin, framsetningu, fyrsta viðmiðunartímabilið og viðmiðunartímabilið.“

3) Breyta skal viðaukunum í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

*13. gr.***Breyting á reglugerð (EB) nr. 1172/98**

Í reglugerð (EB) nr. 1172/98 skal í stað hugtakanna „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 1. endursk.“ og „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, endursk. 1.1“ koma „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“ í öllum textanum og viðaukunum.

*14. gr.***Breytingar á reglugerð (EB) nr. 530/1999**

Reglugerð (EB) nr. 530/1999 er breytt sem hér segir:

1) Í stað „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, endursk. 1“ komi „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“ í öllum textanum.

2) Í 3. gr.:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Hagskýrslurnar skulu taka til allrar starfsemi sem er tilgreind í bálkum B (Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu), C (Framleiðsla), D (Rafmagns-, gas- og hitaveitur), E (Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun), F (Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð), G (Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum), H (Flutningar og geymsla), I (Rekstur gistiaðstaða og veitingarekstur), J (Upplýsingar og fjarskipti), K (Fjármála- og váttryggingastarfsemi), L (Fasteignaviðskipti), M (Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi), N (Leigustarfsemi og ýmis

sérhæfð þjónusta), P (Fræðslustarfsemi), Q (Heilbrigðis- og félagsþjónusta), R (Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi), og S (Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi) í hinna tölfræðilegu atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.).“

b) ákvæði 2. mgr. falli brott.

*15. gr.***Breytingar á reglugerð (EB) nr. 2150/2002**

Reglugerð (EB) nr. 2150/2002 er breytt sem hér segir:

1) Í stað „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 1. endursk.“ og „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, endursk. 1.1“ komi „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“ í öllum textanum og viðaukum.

2) Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2150/2002 skal breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

*16. gr.***Breytingar á reglugerð (EB) nr. 450/2003**

Reglugerð (EB) nr. 450/2003 er breytt sem hér segir:

1) Í stað „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, endursk. 1“ komi „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“ í öllum textanum.

2) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um alla starfsemi sem skilgreind er í bálkum B til S í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

2. Hvort atvinnustarfsemin, sem skilgreind er í bálkum O til S í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., falli undir gildissvið þessarar reglugerðar skal ákvarðað í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr., með tilliti til hagkvæmniathugana sem skilgreindar eru í 10. gr.“

3) Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Tíðni og gögn fyrir fyrri ár

1. Fyrst skal taka saman gögn um vísitölu launakostnaðar fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2009 og eftir það fyrir hvern ársfjórðung (sem lýkur 31. mars, 30. júní, 30. september og 31. desember á hverju ári) í samræmi við atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

2. Aðildarríkin skulu gera aðgengileg gögn fyrir fyrri ár, sem eru frá tímabilinu frá fyrsta ársfjórðungi 2000 til fjórða ársfjórðungs 2008. Leggja skal fram gögn fyrir fyrri ár fyrir alla bála atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk., frá bálkum B til N og fyrir þá liði launakostnaðar sem um getur í 1. mgr. 4. gr.“

4) Í stað 3. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„3. Gögnin fyrir fyrri ár, sem um getur í 5. gr., skulu send framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) á sama tíma og vísitala launakostnaðar fyrir fyrsta ársfjórðung 2009.“

5) Í stað c-liðar 11. gr. komi eftirfarandi:

„c) bálkar O til S (3. gr.) í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., teljast með.“

17. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 48/2004

Í stað fyrstu málsgreinar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 48/2004 komi eftirfarandi:

„Þessi reglugerð tekur til gagna um stáliðnaðinn, sem er skilgreindur sem flokkur 24.1 í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.).“

18. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 808/2004

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004 skal breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

19. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1552/2005

Reglugerð (EB) nr. 1552/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, endursk. 1.1“ komi „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“ í öllum textanum.

2) Ákvæði 2. mgr. 2. gr. falli brott.

3) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.“

Gildissvið hagskýrslna

Hagskýrslur um starfsmenntun í fyrirtækjum skulu a.m.k. taka til allrar atvinnustarfsemi sem tilgreind er í bálkum B til N og R til S í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE), 2. endursk.“

III. ÞÁTTUR

LOKAÁKVÆÐI

20. gr.

Umbreytingarákvæði

Aðildarríkin skulu senda til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) hagskýrslur um skipulag fyrirtækja fyrir almanaksárið 2008 bæði samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins endursk. 1.1 og 2. endursk. er þau fara að kröfunum í reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97.

Ákveða skal skrá yfir könnunaratriði og tilskilda sundurliðun sem senda á samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, endursk. 1.1, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 13. gr. þessarar reglugerðar, fyrir hvern viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97.

21. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2008.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. KORKEAOJA

forseti.

I. VIÐAUKI

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

Deild	Flokkur	Grein	ót.a.: ótalið annars staðar.	* hluti af ISIC 4. endursk.		
01			BÁLKUR A — LANDBÚNAÐUR, SKÓGRÆKT OG FISKVEIÐAR			
			Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi			
		01.1	Ræktun nytjajurta annarra en fjölærra			
			01.11	Kornrækt (að undanskildum hrísgrjónum), ræktun belgjurta og oliufræja	0111	
			01.12	Hrísgrjónarækt	0112	
			01.13	Ræktun grænmetis og melóna, róta og hnýðis	0113	
			01.14	Ræktun sykurreys	0114	
			01.15	Tóbaksræktun	0115	
			01.16	Ræktun trefjajurta	0116	
			01.19	Önnur ræktun nytjajurta sem ekki eru fjölærar	0119	
			01.2	Ræktun fjölærra nytjajurta		
				01.21	Ræktun á þrúgum	0121
				01.22	Ræktun hitabeltisávaxta og ávaxta frá heittempraða beltinu	0122
				01.23	Ræktun sítrusávaxta	0123
				01.24	Ræktun kjarnávaxta og steinaldina	0124
				01.25	Ræktun annarra ávaxta og hneta af trjám og runnum	0125
				01.26	Ræktun oliurikra ávaxta	0126
				01.27	Ræktun jurta til drykkjargerðar	0127
				01.28	Ræktun krydd-, ilm- og lyfjajurta	0128
				01.29	Ræktun annarra fjölærra nytjajurta	0129
			01.3	Plöntufjölgun		
				01.30	Plöntufjölgun	0130
			01.4	Búfjárrækt		
				01.41	Ræktun mjólkurkúa	0141*
				01.42	Önnur nautgripærækt	0141*
				01.43	Hrossarækt og ræktun annarra dýra af hrossaætt	0142
				01.44	Úlfaldarækt og ræktun dýra af úlfaldaætt	0143
				01.45	Sauðfjár- og geitarækt	0144
				01.46	Svínarækt	0145
				01.47	Alifuglarækt og eggjaframleiðsla	0146
				01.49	Ræktun annarra dýra	0149
			01.5	Blandaður búskapur		
				01.50	Blandaður búskapur	0150
	01.6	Þjónustustarfsemi við landbúnað og starfsemi eftir uppskeru nytjajurta				
		01.61	Þjónustustarfsemi við ræktun nytjajurta	0161		
		01.62	Þjónustustarfsemi við búfjárrækt	0162		
		01.63	Starfsemi að lokinni uppskeru	0163		
		01.64	Vinnsla fræja fyrir sáningu	0164		
	01.7	Veiðar og tengd þjónustustarfsemi				
		01.70	Veiðar og tengd þjónustustarfsemi	0170		
02			Skógrækt og skógarhögg			
		02.1	Skógrækt og önnur starfsemi tengd skógrækt			
			02.10	Skógrækt og önnur starfsemi tengd skógrækt	0210	
		02.2	Skógarhögg			
			02.20	Skógarhögg	0220	
		02.3	Söfnun afurða sem vaxa villtar en eru ekki tré			
			02.30	Söfnun afurða sem vaxa villtar en eru ekki tré	0230	

Deild	Flokkur	Grein	ót.a.: ótalið annars staðar.	* hluti af
				ISIC 4. endursk.
03	02.4		Þjónustustarfsemi við skógrækt	
		02.40	Þjónustustarfsemi við skógrækt	0240
	03.1		Fiskveiðar og fiskeldi	
			Fiskveiðar	
		03.11	Fiskveiðar í sjó	0311
		03.12	Ferskvatnsveiði	0312
		03.2	Eldi og ræktun í sjó og vatni	
05	03.21		Eldi og ræktun í sjó	0321
		03.22	Eldi og ræktun í ferskvatni	0322
		BÁLKUR B — NÁMUGRÓFTUR OG VINNSLA HRÁEFNA ÚR JÖRÐU		
		Kolanám		
	05.1	Steinkolanám		
	05.10		Steinkolanám	0510
		05.2	Brúnkolanám	
06	05.20		Brúnkolanám	0520
			Vinnsla á hráolíu og jarðgasi	
	06.1	Vinnsla á hráolíu		
	06.10		Vinnsla á hráolíu	0610
06.2		Vinnsla á jarðgasi		
07	06.20		Vinnsla á jarðgasi	0620
			Málmnam og málmvinnsla	
	07.1	Járnnam		
	07.10		Járnnam	0710
		07.2	Nám annarra málma en járn	
08	07.21		Nám á úran- og þórínmálmgrýti	0721
		07.29	Nám annarra málma en járn	0729
		Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu		
	08.1	Grjót-, sand- og leirnam		
	08.11		Grjót nám til skrautsteinagerðar og til bygginga, kalksteins-, gífs-, krítar- og flögubergsnám	0810*
		08.12	Malar-, sand- og leirnam	0810*
	09	08.9	Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	
08.91			Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðagerðar	0891
		08.92	Mótekja	0892
08.93		Saltnám	0893	
08.99		Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	0899	
10		Þjónustustarfsemi við námuvinnslu		
	09.1		Þjónustustarfsemi við námuvinnslu á jarðolíu og jarðgasi	
		09.10	Þjónustustarfsemi við námuvinnslu á jarðolíu og jarðgasi	0910
	09.9		Þjónustustarfsemi fyrir vinnslu annarra hráefna úr jörðu	
09.90		Þjónustustarfsemi fyrir vinnslu annarra hráefna úr jörðu	0990	
10		BÁLKUR C — FRAMLEIÐSLA		
		Matvælaframleiðsla		
	10.1		Kjötiðnaður	
		10.11	Slátrun og vinnsla á kjöti, þó ekki alifuglakjöti	1010*
		10.12	Slátrun og vinnsla á alifuglakjöti	1010*
	10.13		Framleiðsla á kjötafurðum	1010*
		10.2	Fiskvinnsla; vinnsla krabbadýra og lindýra	
	10.20		Fiskvinnsla; vinnsla krabbadýra og lindýra	1020
		10.3	Vinnsla ávaxta og grænmetis	
	10.31		Vinnsla á kartöflum	1030*
10.32		Framleiðsla á ávaxta- og grænmetissafa	1030*	

Deild	Flokkur	Grein	ót.a.: ótalið annars staðar.	* hluti af
				ISIC 4. endursk.
11	10.4	10.39	Önnur ótalin vinnsla ávaxta og grænmetis	1030*
			Framleiðsla á jurta- og dýraolíu og feiti	
	10.5	10.41	Framleiðsla á olíu og feiti	1040*
		10.42	Framleiðsla á smjörlíki og svipaðri feiti til manneldis	1040*
			Framleiðsla á mjólkurafurðum	
	10.6	10.51	Mjólkurbú og ostagerð	1050*
		10.52	Ísgerð	1050*
	10.7	10.61	Framleiðsla á kornvöru, mjölva og mjölvavöru	1061
		10.62	Framleiðsla á mjölva og mjölvavöru	1062
	10.8	10.71	Framleiðsla á bakarís- og mjölkendum vörum	
		10.72	Framleiðsla á brauði, nýju sætabrauði og kökum	1071*
		10.73	Framleiðsla á tvíbökum og kexi, framleiðsla á geymsluþolnu sætabrauði og kökum	1071*
	10.9	10.74	Framleiðsla á pastavörum og svipuðum vörum	1074
		10.81	Framleiðsla á öðrum matvælum	
		10.82	Sykurframleiðsla	1072
		10.83	Framleiðsla á súkkulaði og sælgæti; kakói	1073
		10.84	Te- og kaffivinnsla	1079*
		10.85	Framleiðsla á bragðefnum og kryddi	1079*
		10.86	Framleiðsla á tilbúnum máltíðum og réttum	1075
		10.87	Framleiðsla á jafnblönduðum matvælum og sérfæði	1079*
		10.88	Önnur ótalin framleiðsla á matvælum	1079*
		10.91	Fóðurframleiðsla	
	11.0	10.92	Framleiðsla húsdýrafóðurs	1080*
			Framleiðsla gæludýrafóðurs	1080*
			Framleiðsla á drykkjarvörum	
		11.01	Framleiðsla á drykkjarvörum	
		11.02	Eiming, hreinsun og blöndun áfengra drykkja	1101
		11.03	Framleiðsla á víni úr þrúgum	1102*
		11.04	Framleiðsla annarra ávaxtavína	1102*
		11.05	Framleiðsla á öðrum óeimuðum, gerjuðum drykkjarvörum	1102*
		11.06	Bjórgerð	1103*
		11.07	Maltgerð	1103*
	12.0	11.08	Framleiðsla á gosdrykkjum, ölkelduvatni og öðru átöppuðu vatni	1104
		12.00	Framleiðsla á tóbaksvörum	1200
	13	13.1	Framleiðsla á tóbaksvörum	
		13.10	Framleiðsla á tóbaksvörum	1200
		13.2	Framleiðsla á textílvörum	
		13.20	Forvinnsla og spuni á textíltrefjum	1311
		13.3	Textílvafnaður	
13.30		Textílvafnaður	1312	
13.9		Frágangur á textílum		
13.91		Frágangur á textílum	1313	
13.92		Framleiðsla á annarri textílvöru		
13.93		Framleiðsla á hekludum og þrjúnuðum dúk	1391	
13.94	Framleiðsla á tilbúinni spunavöru annarri en fatnaði	1392		
	13.95	Framleiðsla á gólfteppum og mottum	1393	
	13.96	Framleiðsla á köðlum, seglgarni og netum	1394	

Deild	Flokkur	Grein	ót.a.: ótalið annars staðar.	* hluti af
				ISIC 4. endursk.
14	14.1	13.95	Framleiðsla á trefjadúk og vörum úr þeim, þó ekki fatnaði	1399*
		13.96	Framleiðsla annarra tækni- og iðnaðartextíla	1399*
		13.99	Framleiðsla á annarri ótalinni textílvöru	1399*
			Fatagerð	
			Framleiðsla á fatnaði, þó ekki úr loðskinni	
		14.11	Framleiðsla á leðurfatnaði	1410*
		14.12	Vinnufatagerð	1410*
		14.13	Framleiðsla á öðrum yfirfatnaði	1410*
		14.14	Framleiðsla á nærfatnaði	1410*
		14.19	Framleiðsla á öðrum fatnaði og fylgihlutum	1410*
		14.2	Framleiðsla á vörum úr loðskinnnum	
		14.20	Framleiðsla á vörum úr loðskinnnum	1420
		14.3	Framleiðsla á þrjónuðum og hekludum fatnaði	
		15	15.1	14.31
14.39	Framleiðsla á öðrum þrjónuðum og hekludum fatnaði			1430*
	Framleiðsla á leðri og leðurvörum			
15.11	Sútun á leðri; framleiðsla á ferðatöskum, handtöskum, reiðtygjum og skyldum vörum, sútun og litun loðskinna			1511
15.12	Sútun leðurs; sútun og litun á loðskinni			1512
15.2	Framleiðsla á ferðatöskum, handtöskum og áþekktum vörum; reiðtygjum og skyldum vörum			
16	16.1	15.20	Framleiðsla á skóf fatnaði	1520
			Framleiðsla á skóf fatnaði	
			Framleiðsla á viði, viðarvörum og korki, önnur en húsgagnagerð; framleiðsla á vörum úr hálm og fléttiefnum	
		16.10	Sögun, heflun og fúavörn á viði	1610
		16.2	Sögun, heflun og fúavörn á viði	
		16.21	Framleiðsla á vörum úr viði, korki, hálm og fléttiefnum	1621
		16.22	Framleiðsla á viðarspæni og plötum að grunni til úr viði	1622*
		16.23	Framleiðsla á samsettum parketgólflum	1622*
		16.24	Framleiðsla á öðrum trésmíðavörum til bygginga	1623
		16.29	Framleiðsla á umbúðum úr viði	1629
17	17.1	16.29	Framleiðsla á annarri viðarvöru; framleiðsla á vörum úr korki, hálm og fléttiefnum	1629
			Framleiðsla á pappír og pappírsvöru	
		17.11	Framleiðsla á pappírskvoðu, pappír og papp	1701*
		17.12	Framleiðsla á pappírskvoðu	1701*
		17.2	Framleiðsla á pappír og papp	
		17.21	Framleiðsla á vörum úr pappír og papp	1702
		17.22	Framleiðsla á bylgjupappír og -pappa og umbúðum úr pappír og papp	1709*
		17.23	Framleiðsla á heimilis- og hreinlætisvörum úr pappír og papp	1709*
		17.24	Framleiðsla á skrifpappír og skrifstofuvörum úr pappír og papp	1709*
		17.29	Framleiðsla á veggfóðri	1709*
18	18.1	17.29	Framleiðsla á annarri pappírs- og pappavöru	1709*
			Prentun og fjölföldun upptekins efnis	
			Prentun og tengd þjónustustarfsemi	
		18.11	Prentun dagblaða	1811*
		18.12	Önnur prentun	1811*
		18.13	Undirbúningur fyrir prentun	1812*
		18.14	Bókband og tengd þjónusta	1812*
		18.2	Fjölföldun upptekins efnis	
	18.20	Fjölföldun upptekins efnis	1820	

Deild	Flokkur	Grein	ót.a.: ótalið annars staðar.	* hluti af	
				ISIC 4. endursk.	
19	19.1		Framleiðsla á koxi og hreinsuðum olíuvörum		
		19.10	Koksframleiðsla	1910	
20	19.2		Framleiðsla á hreinsuðum olíuvörum		
		19.20	Framleiðsla á hreinsuðum olíuvörum	1920	
20	20.1		Framleiðsla á efnum og efnavörum		
			Framleiðsla á grunnefnum til efnaiðnaðar, áburði og köfnunarefnissamböndum, plastefnum og syntetisku gúmmí í óunnu formi		
		20.11	Framleiðsla á iðnaðargasi	2011*	
		20.12	Framleiðsla á lit og litarefnum	2011*	
		20.13	Framleiðsla á öðrum ólífrænum grunnefnum til efnaiðnaðar	2011*	
		20.14	Framleiðsla á öðrum lífrænum grunnefnum til efnaiðnaðar	2011*	
		20.15	Framleiðsla á tilbúnum áburði og köfnunarefnissamböndum	2012	
		20.16	Framleiðsla á plastráefnum	2013*	
		20.17	Framleiðsla á syntetisku gúmmí til úrvinnslu	2013*	
		20.2		Framleiðsla á skordýra- og illgresiseyði og öðrum efnum til nota í landbúnaði	
			20.20	Framleiðsla á skordýra- og illgresiseyði og öðrum efnum til nota í landbúnaði	2021
		20.3		Framleiðsla á málningu, lökkum og svipuðum þekjuefnum, prentbleki og fylli- og þéttiefnum	
			20.30	Framleiðsla á málningu, lökkum og svipuðum þekjuefnum, prentbleki og fylli- og þéttiefnum	2022
		20.4		Framleiðsla á sápu, hreinsi- og þvottaefnum, hreingerningar- og fægiefnum, ilmvatni og snyrtivörum	
			20.41	Framleiðsla á sápu, hreinsi- og þvottaefnum, hreingerningar- og fægiefnum	2023*
		20.5		Framleiðsla á ilmvatni og snyrtivörum	
			20.42	Framleiðsla á ilmvatni og snyrtivörum	2023*
		20.6		Framleiðsla á öðrum efnavörum	
			20.51	Framleiðsla á sprengiefnum	2029*
			20.52	Framleiðsla á lími	2029*
20.53	Framleiðsla á ilmolíum		2029*		
20.59	Framleiðsla á annarri ótalinni efnavöru		2029*		
21	20.6		Framleiðsla gerviþráðar		
		20.60	Framleiðsla gerviþráðar	2030	
22	21.1		Framleiðsla á lyfjum og efnum til lyfjagerðar		
		21.10	Framleiðsla á efnum til lyfjagerðar	2100*	
23	21.2		Lyfjaframleiðsla		
		21.20	Lyfjaframleiðsla	2100*	
22	22.1		Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum		
			Framleiðsla á gúmmívörum		
		22.11	Framleiðsla á gúmmihjólborðum og hjólbarðaslöngum, sólun notaðra gúmmihjólbarða	2211	
		22.19	Framleiðsla á öðrum gúmmívörum	2219	
		22.2		Framleiðsla á plastvörum	
			22.21	Framleiðsla á plötum, þynnum, slöngum og prófilum úr plasti	2220*
			22.22	Framleiðsla á umbúðaplasi	2220*
			22.23	Framleiðsla á byggingarvörum úr plasti	2220*
23	22.29		Framleiðsla á öðrum plastvörum	2220*	
			Framleiðsla á vörum úr málmausum steinefnum		
		23.1	Framleiðsla á gleri og vörum úr gleri		
		23.11	Framleiðsla á flotgleri	2310*	
		23.12	Skurður og vinnsla á flotgleri	2310*	
		23.13	Framleiðsla á glerlátum	2310*	
		23.14	Framleiðsla á glertrefjum	2310*	
23.19	Framleiðsla og vinnsla á öðru gleri, þ.m.t. glervara til tæknilegra nota	2310*			

Deild	Flokkur	Grein	ót.a.: ótalið annars staðar.	* hluti af
				ISIC 4. endursk.
